



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 2. maí 2011
2011040154/0.1.2/GG/RMJ/gh

Erindi: Umsögn um frumvarp til laga, 703 mál.

Landlæknir þakkar tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp. Þar eru lagðar til breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak með það markmið að bæta lýðheilsu og styrkja Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í því hlutverki að draga úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu. Umsögn þessi byggir því fyrst og fremst á heilsufarslegum sjónarmiðum.

Niðurstöður rannsókna um áhrifaríkustu leiðir til að draga úr eða koma í veg fyrir áfengis- og tóbaksneyslu eru stjórnvaldsaðgerðir sem snúa að aðgengi, þ.e. sölufyrirkomulagi, verði, sölutíma og aldursmörk til áfengis- og tóbakskaupa. Þetta eru m.a. þær leiðir sem mælt er til m.a. í rammaáætlunum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um áfengi og tóbak.

Alþjóðlegar skuldbindingar

Minnt er á að Ísland staðfesti „Rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir“ (FCTC- WHO) 14. júní 2004 og bent á að í 5. gr. í öðrum lið segir (leturbr. höfundar):

b) samþykkja og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum og/eða öðrum ráðstöfunum og vinna, í samvinnu við aðra aðila og eftir því sem við á, að undirbúningi viðeigandi stefnumála til að koma í veg fyrir og draga úr tóbaksneyslu, nikótínfíkn og óbeinum reykingum.

Í „European Alcohol Action Plan 2012-2020“ kemur m.a. fram að aðgengi að áfengi sé áhrifa þáttur í umfangi áfengisneyslu. Því meira aðgengi, því meiri neysla áfengis. Í sér kafla þar sem fjallað er um aðgengi að áfengi eru þau lönd sem hafa ríkiseinkasölu á áfengi hvött til að halda því fyrirkomulagi.

Frumvarp þetta er því jákvætt skref til að koma á mótis við skuldbindingar og að viðhalda því mikilvæga hlutverki sem ÁTVR gegnir til að draga úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu.


Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins:

Í 4.gr. II kafla væri æskilegt að taka fram að gæta skuli að heilsufarslegum afleiðingum áfengis- og tóbaksneyslu og skulu þau sjónarmið einnig höfð til hliðsjónar á hverjum tíma. Mikilvægt er að stefna stjórnvalda í málaflokknum unnin á faglegum forsendum með heilsufarleg sjónarmið að leiðarljósi og að hún sé samþykkt af Alþingi og í samræmi við aðrar áætlanir s.s. heilbrigðisáætlun.

Í 9.gr. III kafla er kveðið á um að ÁTVR sé heimilt að innheimta gjald af birgjum sem leiðir af merkingu á tóbaksvörum. Æskilegt væri að samskonar heimild væri til staðar fyrir áfengar vörur komi til þess að settar verði viðvaranir á umbúðir áfengra vara.

Að öðru leyti gerir landlæknir engar frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir